

DAGSETNING

TILVÍSUN

Alþingi, viðskiptanefnd
vt. Selma Hafliðadóttir
nefndarritari
Austurstræti 8
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. mars 2009 02-2009030121
T-ums 08/09

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög - 356. mál, þskj. 606.

Ríkisskattstjóri hefur þann 4. mars 2009 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög, 356. mál, þskj. 606.


Með frumvarpinu er mælt fyrir um breytingar sem snerta eignarhald, kynjahlutfall og starfandi stjórnarformenn. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilgangur þeirra breytinga sem lúti að eignarhaldi sé að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum. Þá séu ákvæðin sem lúta að kynjahlutföllum ætlað að tryggja jafna stöðu og rétt karla og kvenna og að ákvæði frumvarpsins um starfandi stjórnarmenn byggist efnislega á niðurstöðum nefndar um stefnumótun íslensks viðskiptaumhverfis frá árinu 2004.


Ríkisskattstjóri telur það til bóta að atkvæðisréttur hluthafa verði skráður í hlutaskrá sem og að leggja skuli fyrir aðalfund stutta samantekt um hlutafjáreign einstakra hluthafa og þær breytingar sem orðið hafa á árinu. Ríkisskattstjóra bendir þó á að gert er ráð fyrir að skylda þessi nái eingöngu til hlutafélaga en ekki til einkahlutafélaga eins og skilja megí af umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins, sem birt er sem fylgiskjal með frumvarpinu, og af þeim sökum er skrefið sem stigið er í átt til gagnsæis ekki stórt.

Hvað varðar ákvæði frumvarpsins er lúta að kynjahlutföllum bendir ríkisskattstjóri á að unnt er vinna ákveðnar upplýsingar um kynjahlutföll í stjórnnum einstakra félaga og framkvæmdastjórn með vélrænum vinnslum úr gagnagrunni fyrirtækjaskrár. Núverandi kerfi er hins vegar ekki í stakk búið til að taka við þeim upplýsingum sem gert er ráð fyrir að verði skilað til hlutafélagaskrár. Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins er ekki gert ráð fyrir að lögfesting frumvarpsins hafi í för með sér aukin útgjöld. Það er því ljóst að ekki verður ráðið í smíði nýs kerfi til utanumhalds þess sem mælt er fyrir um í lögnum eða endurbætur á því sem fyrir er. Fyrirtækjaskrá hefur hingað til ekki safnað upplýsingum um starfsmenn hlutafélaga eða einkahlutafélaga, umfram lögbundna skráningu á framkvæmdastjóra, og hefur þar af leiðandi ekki upplýsingar um hvernig kynjahlutföll eru innan þeirra. Að mati ríkisskattstjóra er eðlilegra að félagsmálaráðuneytið eða Hagstofa taki við tilkynningum þeim sem mælt er fyrir um í 1. og 8. gr. frumvarpsins enda verður að telja að það séu þau stjórnvöld sem komi til með að vinna úr þeim upplýsingum sem berast.

Að síðustu telur ríkisskattstjóri að ákvæði frumvarpsins um starfssvið stjórnarformanna í hlutafélögum sé til bóta en áréttar að ákvæðið nær eingöngu til hlutafélaga.

Virðingarfyllt


Guðrun J. Jónsdóttir


Skúli Eggert Þorðarson